

Innviðaráðuneytið
Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála
irn@irn.is

Reykjavík, 6. mars 2026

Efni: Umsögn Samorku um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um skráningu, merki og mat fasteigna og lög um tekjustofna sveitarfélaga o.fl. (rýmiseignir og orkumannvirki), mál í samráðsgátt nr. S-51/2026

1. Inngangur – afstaða Samorku

Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um framangreint frumvarp um rýmiseignir og afnám undanþágu fasteignamats rafveitna. Samorka lýsi jafnframt ánægju með það samtal sem stjórnvöld hafa átt við orku- og veitufyrirtæki í aðdraganda málsins og undirbúningi þess, svo sem með kynningu á reiknivél sem hefur verið hjálpleg til að varpa ljósi á áhrif frumvarpsins.

Samorka styður meginmarkmið stjórnvalda um að nærsamfélög orkumannvirkja njóti í ríkara mæli ávinnings af uppbyggingu orkuframleiðslu í sínu nágrenni. Það er mikilvægt að tryggja að þeir sem búa í nálægð við stór orkumannvirki upplifi jákvæð áhrif af starfseminni og að ávinningur dreifist á sanngjarnan hátt. Samorka bendir hins vegar á að frumvarpið, í núverandi mynd, feli í sér verulega aukna skattlagningu á orkumannvirki sem gæti haft neikvæð áhrif á nauðsynlega uppbyggingu orkuframleiðslu með tilheyrandi áhrifum á samkeppnishæfni landsins, umhverfis- og loftslagsmarkmið og hagkvæmni þessarar fjárfreku starfsemi. Þá bendir Samorka á að huga þurfi að heildaráhrifum allra þeirra aðgerða sem boðaðar hafa verið af stjórnvöldum í að auka álögur á orkuframleiðslu sem birtast í fyrirbyggjandi frumvarpi, kröfum ríkisins um greiðslu fyrir vatnsréttindi og landsréttindi og áformum stjórnvalda um auðlindarentuskatt.

Samorka mun í þessari umsögn fara yfir helstu athugasemdir um frumvarpið og koma með tillögur að úrbótum. Við teljum að hægt sé að ná markmiðum stjórnvalda um aukinn ávinning nærsamfélaga án þess að grafa undan grundvelli íslenskrar orkuframleiðslu og samkeppnishæfni hennar.

2. Orkuframleiðsla, markmið stjórnvalda og hlutverk sveitarfélaga

Íslensk orkuframleiðsla hefur um áratugaskeið verið burðarás í velferð og efnahagsþróun þjóðarinnar. Hún hefur lagt grunn að góðum lífskjörum, skilað miklum tekjum, skapað öfluga innviði og tryggt landsmönnum aðgang að tryggri orku á samkeppnishæfu verði. Framundan er mikilvægt tímabil þar sem nauðsynlegt er að auka orkuframleiðslu verulega til að mæta orkuskiptum, stækkandi samfélagi og tryggja þróun atvinnulífs. Nýlegar spár Landsnets gera ráð fyrir auknum líkum á orkuskiptum og mögulegri skömmun á raforku ef ekki verður gripið til aðgerða, sem undirstrikar brýna þörf á uppbyggingu.

Því miður hefur uppbygging orkuframleiðslu á undanförunum árum gengið hægt, meðal annars vegna flókins og óskilvirks kerfis rammaáætlunar og regluverks leyfisveitinga. Tafir á skipulagsgerð sveitarfélaga hafa einnig átt sinn þátt í þessum hæðagangi.

Stjórnvöld eru meðvituð um þetta ástand og hefur ráðuneyti umhverfis- orku- og loftslagsmála lagt fram fjölda frumvarpa og hafið undirbúning að lagasetningu sem ætlað er að flýta fyrir uppbyggingu orkuframleiðslu hér á landi. Styðjast aðgerðir ráðherra við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem fram kemur að auka þurfi orkuöflun og styrkja flutningskerfi raforku til að styðja við orkuskipti og verðmætasköpun um allt land. Í áformum stjórnvalda um atvinnustefnu til ársins 2035 endurspeglar þetta í áherslum á að auka aðgengi að hagkvæmri endurnýjanlegri orku, efla orkuöryggi og stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.

Eitt af markmiðum fyrirbyggjandi frumvarps er að bregðast við þessu og veita hvata til sveitarfélaga að samþykkja virkjanafrekvæmdir. Eins og áður hefur verið bent á styður Samorka þau áform og telur mikilvægt að sveitarfélög hafi skýran hvata og ávinning af orkuframleiðslu í sínu nærumhverfi. Það er hins vegar ekki sama hvernig staðið er að slíkri útfærslu og alls ekki nauðsynlegt að auknar tekjur til nærsamfélaga þurfi að fela í sér stórauðnar álögur á orkuframleiðslu.

Samorka brýnir fyrir stjórnvöldum að huga að jafnvægi þessara þátta við frekari útfærslu á tillögunum og þá með það að markmiði að afnám undanþágunnar dragi ekki úr þeim mikilvægu markmiðum sem nauðsynlegt er að náist í orkumálum þjóðarinnar á næstu árum.

Í þessu samhengi er nauðsynlegt að benda á að frumvarpið virðist á köflum blanda saman hugtökum þar sem talað er um að fasteignaskattar séu greiðsla fyrir auðlindanýtingu. Þetta er röng hugtakanotkun. Fasteignaskattar eru almennir eignaskattar sem eru lagðir á fasteignir, óháð því hvort þær tengjast auðlindanýtingu eða ekki. Orkuframleiðendur greiða nú þegar landeigendum (hvort sem þeir eru ríki, sveitarfélög eða einkaaðilar) fyrir réttinn til auðlindanýtingar með ýmsum hætti, svo sem í formi leigu- eða afnotagjalda. Þessi gjöld eru beinar greiðslur fyrir nýtingu auðlindarinnar og hafa ekkert með fasteignaskatt að gera. Fasteignaskattar þjóna allt öðrum tilgangi. Þeir eru tekjustofn sveitarfélaga sem ætlað er að standa straum af almennri þjónustu við íbúa og fyrirtæki innan sveitarfélagsins. Það er varhugavert að blanda þessum hugtökum saman því það getur skapað falska hugmynd um eðli fasteignaskatta og leitt til óæskilegrar stefnumótunar. Fasteignaskattar eru aldrei greiðsla fyrir nýtingu auðlindar. Með því að halda þessum hugtökum aðskildum er hægt að tryggja skýrleika í skattlagningarstefnu og forðast misskilning sem gæti leitt til óréttmætrar byrðar á orkuframleiðendur.

Sveitarfélögin hafa lengi kallað eftir því að undanþága rafveitna frá fasteignamati verði afnumin í heild sinni til að auka fjárhagslegan ávinning sveitarfélaga af orkumannvirkjum. Frumvarpið er svar stjórnvalda við því ákalli sveitarfélaga.

Samorka beinir því til stjórnvalda og sveitarfélaga að taka höndum saman um að ná markmiðum um aukna orkuframleiðslu og flýtt verði fyrir leyfisveitingum og framkvæmd skipulags. Í því sambandi má árétta þá skyldu sveitarstjórnarmanna sem kveðið er á um í 2. mgr. 24. gr. sveitastjórnarlaga þar sem fram kemur að sveitastjórnarmönnum beri í hvívetna að gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins sem og öðrum *almannahagsmunum*.

Þannig verður að vera tryggt, að verði frumvarpið að lögum með tilheyrandi fjárhagslegum ávinningi fyrir sveitarfélögin, þá leiði það til þess að orkuframkvæmdir verði að veruleika, fyrir en ella.

Samtök orkusveitarfélaga hafa lagt áherslu á það í sínum málflutningi að undanþágan verði einnig afnumin á flutningsmannvirki og þau verði einnig andlag fasteignamats og af þeim greiddir fasteignaskattar. Samorka leggst alfarið gegn þeim hugmyndum enda ljóst að í slíkri breytingu fælist

einfaldlega aukin skattlagning á íbúa og fyrirtæki, þar sem flutningsgjöld mundu á grundvelli laga og reglna um gjaldskrár og tekjumörk hækka beint til samræmis við slíka hækkun. Í því samhengi er einnig nauðsynlegt að áréttu að flutningsfyrirtækið greiðir nú þegar fyrir afnot af því landi sem fer undir flutningsmannvirki. Sú áhersla sem birtist í málflutningi samtaka orkusveitarfélaga um að flutningsmannvirki verði einnig andlag fasteignamats gefur því miður ekki góð fyrirheit um að sveitarfélög verði tilbúin til virkar og uppbyggilegrar þátttöku í því samstarfi sem nauðsynlegt er til að auka orkuframleiðslu hér á landi.

Samorka brýnir fyrir stjórnvöldum að verði þau áform sem hér er fjallað um að lögum verði því að fylgja tiltekna skuldbindingar af hálfu sveitarfélaga um þátttöku í þeirri uppbyggingu sem framundan er.

Áherslur Samorku um orkuframleiðslu og hlutverk sveitarfélaga:

- Fasteignaskattur er ekki greiðsla fyrir auðlindanýtingu
- Tryggja verður ábyrgð og þátttöku sveitarfélaga í uppbyggingu orkuframleiðslu með skýrum og skilvirkum hætti

3. Samkeppnishæfni – áhrif skattlagningar

Auknar álögur á orkuframleiðslu munu óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á samkeppnishæfni orkuframleiðslu á Íslandi og þar með alls atvinnulífs. Eins og fram kemur í skýrslu Raforkueftirlitsins frá júní 2025 um Þróun raforkukostnaðar og áhrif á notendur, þá hafa hækkarnir á raforkukostnaði neikvæð áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja, leiða til hærra vöruverðs og skerða alþjóðlega samkeppnishæfni. Þetta er staðfest í skýrslu Hagfræðistofnunar sem fylgir frumvarpinu í samráðsgátt.

Þar er til að mynda tekið fram að gera megir ráð fyrir að rafmagnsframleiðendur beri kostnað af fasteignasköttum af orkumannvirkjum til stórnotenda og það kunni að draga úr áhuga þeirra á að virkja fyrir þann hluta markaðsins. Þá kemur einnig fram að kostnaðurinn leggist með meiri þunga á heimili og fyrirtæki (aðra en stórnotendur).

Hvort tveggja er slæmt fyrir heimili, fyrirtæki, stórnotendur og samfélagið í heild sinni.

Hér verður aftur að benda á að orkuframleiðsla, sérstaklega til stórnotenda, er undirstaða hagsældar og verðmætasköpunar á Íslandi. Í nýlegri greiningu Samtaka iðnaðarins kemur til að mynda fram að útflutningstekjur iðnaðar séu um 40% af heildar útflutningstekjum hagkerfisins. Tvær af fjórum meginstöðum útflutnings Íslands falli undir iðnað, þ.e. orkusækin iðnaður og tækni- og hugverkaiðnaður. Orkuframleiðsla er grunnforsenda orkusækis iðnaðar og ein lykilstöð tækni- og hugverkaiðnaðar í gegnum orkusölu til gagnavera.

Í minnisblaði Hagfræðistofnunar sem fylgir frumvarpinu er gengið út frá nokkrum einföldum forsendum sem hafa veruleg áhrif á niðurstöðuna, meðal annars að aðeins 31% kostnaðaraukningarinnar skili sér á almennan markað, þar af um 16% til heimila, en að meirihlutinn lendi hjá orkufyrirtækjunum sjálfum. Það verður að teljast fremur varlega áætlað að orkufyrirtækin taki svo stóran hluta kostnaðaraukningarinnar á sig. Rétt er að ekki er hægt að verðleggja kostnaðinn inn í samninga við stórnotendur, en það gerir jafnframt líklegra að stærri hluti kostnaðarins lendi á almennum markaði og þar með hjá heimilum. Á mörkuðum fyrir grunnvöru eins og raforku, þar sem

eftirspurn er tiltölulega óteygin og kostnaðarbreytingar hafa tilhneigingu til að færast út í verðlag með tímanum, er líklegt að stærri hluti kostnaðaraukningarinnar endi að lokum hjá neytendum. Ef gert er ráð fyrir að hlutdeild almenns markaðar hækki um 19% og fari upp í 50%, myndu áhrif á vísitölu neysluverðs aukast um um 60% miðað við þá niðurstöðu sem áður var gefin. Því geta hlutfallslega litlar breytingar á skiptingu kostnaðar milli orkuframleiðenda og almenna markaðarins haft hlutfallslega mikil áhrif á vísitölu neysluverðs.

Samorka leggur til að nýjum gjaldflokki fasteignaskatts verði stillt verulega í hof og hann verði í lægri enda sambærilegrar skattlagningar í nágrannalöndum okkar eða nærri 0,2%.

Samorka tekur undir sjónarmið um að fresta skattlagningu á nýja orkuframleiðendur fyrstu fimm árin í rekstri en telur rétt að undanþágan nái til ársins 2040 til að tryggja nægjanlegan hvata til uppbyggingar.

Áherslur Samorku um samkeppnishæfni:

- *Fasteignaskatti verði stillt í hof og fari ekki upp fyrir 0,2% í stað 0,4%*
- *Undanþágan verði til 2040 í stað 2035*
- *Sveitarfélög hafi heimild til að leggja á lægri fasteignaskatt*

4. Rýmiseign og fasteignamat

Rýmiseign

Frumvarpið innleiðir nýtt hugtak, rýmiseign, í íslenskan rétt. Rýmiseign er skilgreind sem þrívítt afmarkað rými utan um mannvirki og mannvirkjakerfi, ásamt réttindum sem þeim fylgja. Þetta er ný tegund fasteignar sem hægt er að þinglýsa og skrá, líkt og þekkist í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Þetta er grundvallarbreyting á hugtakinu fasteign í eignarrétti sem ekki hafa komið skýrt fram á fyrri stigum undirbúnings lagasetningar. Samorka gerir í grunninn ekki alvarlegar athugasemdir við það eitt og sér að nýtt hugtak sé innleitt en kallar eftir ítarlegri umfjöllun um afleiðingar þess.

Þó skal bent á að frumvarpið gerir enga tilraun til að leggja mat á hvaða eignir aðrar en mannvirki til raforkuframleiðslu koma til með að verða flokkuð sem rýmiseignir og hvaða áhrif það mun hafa á fasteignamat slíkra eigna. Nefndar eru eignir eins og bílakjallarar og samgöngumannvirki, sem gætu þá til dæmis verið jarðgöng. Vætanlega skapast þá við gildistöku laganna forsendur til að leggja fasteignamat og fasteignaskatta á mannvirki eins og jarðgöng. Hver verða áhrif þess á uppbyggingu slíkra mannvirkja og þjóðarhagsmuni?

Fasteignamat

Frumvarpið leggur til að festa í sessi tekjuaðferð við mat á gangvirði orkumannvirkja. Tekjuaðferðin byggist á núvirðingu áætlaðs fjárstreymis frá rekstri fasteignarinnar (tekjuviðmið) og er fyrst og fremst notuð til að reikna fasteignamat atvinnuhúsnæðis í þéttbýli. Byggist það á því að þar sé virkur leigumarkaður til staðar og þar gefi núvirt tekjuflæði besta mynd af virði slíkra eigna. Þá er jafnframt ljóst að mat á atvinnuhúsnæði, fyrst og fremst skrifstofu- og verslunarhúsnæði en einnig hótél og gististöðum, byggir á líkani þar sem nægjanleg gögn eru til staðar og virkur leigumarkaður.

Orkumannvirki eru gjörólík að umfangi og eðli því atvinnuhúsnæði sem lýst er hér að framan. Með því að styðjast við tekjuaðferð fyrir orkumannvirki er í raun verið að skattleggja vélar og tæki og

framleiðsluna í heild sinni, en ekki að leggja fasteignaskatt á tiltekna fasteignir, sem er frávik frá eðli fasteignaskatta. Við slíka útfærslu er einsýnt að verið er að meta til fasteignamats vélar og önnur tæki sem eru inni í orkumannvirkjum, en samkvæmt 2. tl. 6. gr. reglugerðar um fasteignaskráningu og fasteignamat nr. 406/1978 skulu vélar eða önnur tæki, þótt skeytt séu við fasteign, ekki teljast til fylgifyrirlýsingar fasteignar.

Þótt markmiðið sé að tryggja samræmt og gagnsætt fasteignamat fyrir orkumannvirki, er þessi aðferð mjög flókin og óljóst af frumvarpinu að hve miklu leyti hún verður sértæk, þ.e. tekur mið af raunverulegri stöðu hvernar virkjunar fyrir sig eða að hve miklu leyti hún verður byggð á líkani, líkt og þekkist við fasteignamat á atvinnuhúsnæði í þéttbýli. Þannig er með öllu óljóst hvaða viðmið verður stuðst við í útreikningum, t.d. þegar kemur að verði á raforku. Verður viðmiðið raunverulegar tekjur hvernar virkjunar eða eitthvað meðaltalsverð af markaði síðasta ár eða síðustu ár? Sams konar spurningar koma einnig upp varðandi rekstrar- og fjármögnunarkostnað – hvernig verður lagt mat á hann og byggir það á líkani eða sértæku mati fyrir hverja virkjun fyrir sig?

Þá verður að benda á hve viðkvæm tekjaaðferðin er fyrir breytingum á forsendum um ávöxtunarkröfu, raforkuverð, nýtingu, líftíma virkjana og rekstrarkostnað. Sem dæmi má nefna að ef miðað er við ávöxtunarkröfu upp á 6,72%, myndi 1% stígs hækkun í 7,72% lækka fasteignamat virkjunar um um 13%, en 1% stígs lækking í 5,72% lækka matið um 17,5%. Þetta sýnir hversu viðkvæm aðferðin er fyrir litlum breytingum á forsendum og hversu mikil áhrif þær geta haft á fasteignamat og þar með fasteignaskatt orkufyrirtækja. Sama gildir um forsendur um raforkuverð, líftíma virkjana, áætlaða framleiðslu og rekstrarkostnað, þar sem jafnvel lítil frávik geta haft veruleg áhrif á fasteignamat og þar með fasteignaskatt orkufyrirtækja.

Samorka hefur ítrekað bent á að fasteignaskattar séu ekki skynsamlegasta leiðin til að auka tekjur sveitarfélaga. Þessir skattar eru gríðarlega flóknir í framkvæmd, viðkvæmir fyrir ýmis konar ytri áhrifum og breytingum og munu hafa í för með sér áralangar deilur um hvert fasteignamatið sé, sem mun auka enn á þann ófyrirsjáanleika og flækjustig sem fylgja virkjanaframkvæmdum á Íslandi.

Áherslur Samorku um fasteignamat

- *Tekjaaðferð fasteignamats hentar illa fyrir orkumannvirki*
- *Horft verði til einfaldari og skilvirkari skattlagningar en fasteignaskatta til að auka tekjur sveitarfélaga, t.d. í formi raforkuskatts*

5. Áhrifasvæði

Samorka gerir ekki beint athugasemdir við skiptingu skatttekna milli sveitarfélaga, en bendir þó á að 30 km radíus fyrir áhrifasvæði vindorkuvera, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, sé mjög vel í lagd fyrir þessa mjög svo óvenjulegu útfærslu að deila út fasteignaskattstekjum miðað við sýnileika. Þetta er óþekkt í heiminum og getur skapa óeðlilega hvata. Þannig gæti þessi víðtæka skilgreining á áhrifasvæði leitt til þess að staðsetning framkvæmda verði frekar miðuð við sveitarfélagamörk en hagkvæmni. Til dæmis gæti það hvatt til þess að framkvæmd sé inni í miðju sveitarfélagi til að hámarka tekjur, en ekki endilega þar sem það er hagkvæmast frá tæknilegu eða umhverfislegu sjónarmiði.

Skynsamlegra væri að huga að því að hafa hærri stuðul á stöðvarhúsi/virkjun en nú er gert ráð fyrir og hafa sýnileikaáhrifin minni til dæmis 15 km eða 20 km. Þetta myndi tryggja að ávinningur skattlagningar sé meira tengdur beinum áhrifum framkvæmdarinnar og minnka líkurnar á óeðlilegum hvötum í staðsetningarvali.

Áhersla Samorku um áhrifasvæði

- *Áhrifasvæði vindorkuvera verði 15-20 km í stað 30 km.*
- *Hækka stuðul á stöðvarhúsi/virkjun í mati á áhrifasvæði*

6. Stjórnsýslan

Samorka telur að frumvarpið muni hafa í för með sér umtalsvert flækjustig, íþyngjandi stjórnsýslu og framundan séu flókin og löng ágreiningsmál með tilheyrandi kostnaði fyrir sveitarfélög, stjórnvöld og orkufyrirtæki.

Í fyrsta lagi er ljóst að mikil vinna mun fara í að skrá og stofna þær rýmiseignir sem verða til með lögunum. Í því mun felast umtalsverður kostnaður við að mæla, afmarka og setja fram merkjalýsingar í þrívídd. Þetta er endað staðfest í greinargerð með frumvarpinu þar sem segir í umfjöllun um 15. gr. *Ljóst er að það mun verða flókið og tímafrekt verkefni fyrir sveitarfélög og HMS að skrá allar fasteignir sem nýttar eru til að framleiða raforku í fasteignaskrá.* Hér er í engu vikið að þeim kostnaði sem felast mun í þessu fyrir orkufyrirtækin.

Í öðru lagi munu fylgja í kjölfarið áralangar deilur um fasteignamat einstakra virkjana og mögulega umtalsverðs fjölda þeirra 100 virkjana sem eru undir. Útreikningur fasteignamats er í eðli sínu flókin og óljós. Hér er um mikla hagsmuni að ræða bæði fyrir orkufyrirtæki og sveitarfélög og má vera ljóst að til að byrja með munu fjölmörg ágreiningsefni koma upp.

Í þriðja lagi er í lögunum kveðið á um alveg nýja hugsun með áhrifamati og hlutdeild sveitarfélaga í mannvirkjum sem reist eru í öðrum sveitarfélögum. Þetta þýðir að fleiri sveitarfélög hafa aðild að deilumálum, auk þess sem deilumál munu einnig snúast um hvaða svæði eru „áhrifasvæði“ og hver ekki.

Þessu öllu mun fylgja umfangsmikil stjórnsýsla, sérstaklega á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem enn á eftir að meta. Kostnaður af innleiðingu er enn ómetin og ljóst að mikill óþarfa „viðskiptakostnaður“ mun fylgja þessari innleiðingu.

Frumvarpið skilgreinir nýjar reglur um stjórnsýslu rýmiseigna þegar þær ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Fyrir almennar rýmiseignir er gert ráð fyrir að það sveitarfélag þar sem stærsti hluti rýmiseignar liggur verði leiðandi við skipulagsvinnu og mannvirkjaeftirlit. Þetta er einföldun sem getur auðveldað málsmeðferð fyrir framkvæmdaraðila og dregið úr flækjustigi. Leiðandi sveitarfélag myndi annast álagningu og innheimtu þjónustugjalda og gatnagerðargjalda fyrir rýmiseignina í heild sinni, en skipta þeim milli hlutaðeigandi sveitarfélaga. Hins vegar er athyglivert að fyrir orkumannvirki er fyrirkomulagið óbreytt frá núverandi stöðu. Þannig þarf áfram að stofna mál hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig fyrir þann hluta rýmiseignar sem þar liggur og hvert sveitarfélag hefur eftirlit með sínum hluta.

Þá þarf að huga vel að því hvernig aðild að deilumálum um fasteignamat verður útfærð þegar mörg sveitarfélög geta átt verulegra hagsmuna að gæta í matsverði eignar og þar með gert ágreining um

skráð mat samkvæmt 31. gr. laga um fasteignamat. Fjöldi deiluaðila að slíkum málum mundi fljótt hafa slæm áhrif á fyrirsjáanleika og framkvæmd þessara mála. Í þessu samhengi má til dæmis nefna að fordæmi eru fyrir því að það taki 5-6 ár að fá niðurstöðu yfirfasteignamatsnefndar og dómstóla um fasteignamat.

Í 31. gr. laga um fasteignamat kemur fram að aðili, sem verulega hagsmuni getur átt í matsverði eignar og sættir sig ekki við skráð mat getur krafist nýs úrskurðar. Sveitarfélög, sem hlutdeild eiga í fasteignaskatti á grundvelli frumvarpsins geta þannig farið fram á endurmat. Samorka leggur til að þessi heimild verði takmörkuð við eitt sveitarfélag, sem fer með stærstu hlutdeild í skatttekjum af viðkomandi virkjun.

Áherslur Samorku um stjórnsýslu

- *Hámark eitt sveitarfélag sem geti gert ágreining um matsverð eignar*
- *Mat verði lagt á kostnað sem mun fylgja stjórnsýslu og umsýslu með innleiðingunni*

7. Aðrar breytingartillögur

Til viðbóta við framangreindar athugasemdir leggur Samorka til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu.

6. gr.

Samorka leggur til eftirfarandi breytingu á orðalagi 6. gr. frumvarpsins:

Flutningsvirki, flutningskerfi og dreifikerfi raforku eins og þau eru skilgreind samkvæmt raforkulögum og mannvirki sem ekki þurfa leyfi frá Umhverfis- og orkustofnun til að reisa og reka raforkuver, samkvæmt raforkulögum. Meta skal eftir venjulegum reglum hús stærri en 15m² sem reist eru yfir aflstöðvar og spennistöðvar, og þær lóðir er þau standa á.

Lagt er til að undanþegin verði raforkuver sem ekki þurfa virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum. Hvaða raforkuver þurfa virkjunarleyfi er útfært í raforkulögum og kann að breytast frá einum tíma til annars. Rétt er að undanþágan taki mið af þeirri skilgreiningu sem þar er að finna fremur en að fastsetja viðmiðið við 100kW í lögum um fasteignamat. Þá má auk þess benda á að 100kW viðmiðið og viðmið um virkjunarleyfi er mjög lágt og hér gæti verið skynsamlegt að horfa til viðmiðs um 10MW.

Með tillögunni er tekin af allur vafi um að núgildandi regla um „hús“ dreifikerfa og flutningskerfis verði áfram metin eftir venjulegum reglum, samanber núgildandi seinni málslíð 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna.

Við 6. gr. bætist eftirfarandi:

Í 4. tl. 1. mgr. 26. gr. komi orðið „hitaveitur,“ á eftir Vatnsveitur,

Rétt er að taka fram í lögnum að um hitaveitur gildi sömu reglur og um vatnsveitur og fráveitur þegar kemur að fasteignamati.

Þá bendir Samorka á að í tengslum við 14. gr. frumvarpsins sem fjallar um skiptingu fasteignar ef fasteign er að hluta nýtt til að framleiða raforku þá er nú þegar á grundvelli 7. gr. raforkulaga fordæmi fyrir því að skipta upp í bókahaldi í blandaðri framleiðslu jarðvarmaorkuvera. Í stað þess að Húsnæðis-

og mannvirkjastofnun fari með heimild til að skipta upp fasteign er skynsamlegra að horfa til þeirrar skiptingar sem nú þegar fer fram undir eftirliti Umhverfis- og orkustofnunnar.

8. Lokaorð

Samorka undirstrikar að umfangsmikil uppbygging í raforkuframleiðslu er forsenda þess að ná settum markmiðum um kolefnishlutleysi, stuðla að orkuskiptum og mæta ört vaxandi orkupörf samfélagsins. Samorka styður meginmarkmið stjórnvalda um að nærsamfélög njóti aukins ávinnings af orkunýtingu og að sveitarfélög gegni áfram lykilhlutverki í þessu ferli.

Hins vegar er mikilvægt að leiðin sem valin er til að auka hlut sveitarfélaga byggi fyrst og fremst á annars konar skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga, eða á einfaldari og fyrirsjáanlegri skattlagningu, og að áformin hafi ekki þau óæskilegu áhrif að draga úr samkeppnishæfni Íslands eða seinka nauðsynlegum orkuframkvæmdum.

Fjöldmörg álitaefni tengd fasteignamati og skattlagningu orkumannvirkja krefjast vandaðra greininga. Þar má nefna réttaróvissu, skattalega mismunun, breytingar á matsaðferðum, útteilingu fasteignaskatta, áhrif á raforkuverð og fjárfestingarvilja. Það er raunveruleg hættu á að auknar álögur á raforkuframleiðslu geti dregið úr fjárfestingum á sama tíma og ljóst er að þörf er á mikilli uppbyggingu í raforkuframleiðslu.

Samorka leggur ríka áherslu á að markmið um aukinn ávinning sveitarfélaga leiði í raun til skjótari og skilvirkari leyfisveitinga, styttri aðdraganda framkvæmda og samstöðu um sjálfbæra uppbyggingu orkukerfisins. Með hagsmuni samfélagsins, atvinnulífsins og komandi kynslóða að leiðarljósi þarf að móta skattkerfi sem styður við vöxt, sjálfbærni og græna framtíð.

Samorka er reiðubúin til áframhaldandi samráðs og samtals um útfærslu fyrirhugaðra breytinga.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur